

Ár 2007, föstudaginn 7. september, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-137/2007:

Ákærvaldið

(Kolbrún Sævarsdóttir, saksóknari)

gegn

A

(Jón Einar Jakobsson, hdl.)

og

B

(Guðjón Ægir Sigurjónsson, hrl.)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var 29. mars sl. og dómtekið 23. júlí sl. er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 6. mars 2007 á hendur A og B,

„fyrir tilraun til brennu eins og hér greinir:

Samkvæmt ráðagerðum ákærðu um að leggja eld að verslunarhúsi við H, Stokkseyri, þinglesinni eign einkahlutafélagsins F í eigu ákærða B, fór ákærði A, að kvöldi fimmtudagsins 29. janúar 2004, inn í húsið og kveikti á tveimur kertum, sem stóðu á flíspeysu nálægt pappakössum og frauðplastbökkum sem staflað hafði verið upp og olíu hellt yfir. Yfirgaf ákærði síðan húsnæðið en lögregla kom á staðinn og slökkti á kertunum og afstýrði eldsvoða sem haft hefði í för með sér almannahættu og eignatjón.

Telst þetta varða við 1. mgr. 164. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 22. gr. sömu laga að því er varðar háttsemi ákærða B.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar.“

Verjandi ákærða A krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður og sakarkostnaður greiddist úr ríkissjóði en til vara að ákærða verði gerð vægasta refsing sem lög heimila og að gæsluvarðhald ákærða komi til frádráttar refsingu. Þá krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna og réttargæslulauna.

Verjandi ákærða B krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður og til vara að ákærða verði gerð vægasta refsing sem lög heimila og að gæsluvarðhald ákærða komi til frádráttar refsingu. Þá krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna og réttargæslulauna.

Aðalmeðferð fór fram í málinu þann 23. júlí sl. og var málið að því loknu dómtekið.

Málsatvik.

Maður nokkur hafði samband við lögreglu í byrjun janúar 2004 og kvað að til stæði að kveikja í húsinu við H á Stokkseyri. Maðurinn kvað eiganda hússins ekki geta staðið í skilum með afborganir áhvílandi skulda og því væri áformað að kveikja í húsinu til að svíkja fé út úr tryggingum. Húsið að H væri í eigu F ehf. en eigandi þess félags væri ákærði B. Maðurinn kvað þann sem stæði fyrir íkveikjunni vera ákærða A. Búið væri að koma fyrir í húsinu eldfimu efni og beðið væri eftir hagstæðri vindátt til að kveikja í. Lögreglumenn fóru á vettvang að kanna aðstæður. Í ljós kom að húsið var yfirgefið og opið fyrir hverjum sem er. Innandyra fundu lögreglumenn mikið af pappakössum sem virtust innihalda plast, steinull og tréfalir, og í stórum sal fannst álbrúsi með nokkru magni af olíu. Þann 6. janúar 2004 var kveðinn upp úrskurður um heimild lögreglu til að hlusta á og taka upp símtöl, skilaboð í talhólf og SMS skeyti við síma ákærða A og skrá í hvaða númer væri hringt og úr hvaða númeri væri hringt. Að kvöldi 29. janúar 2004 voru lögreglumenn við vakt við H. Kl. 23:34 var bifreiðinni X ekið inn á malarplan milli H og G og síðan ekið í hvarf á bak við H. Kl. 23:41 fór ákærði A inn í H um dyr á vesturenda hússins en kom aftur út kl. 23:46, lokaði á eftir sér og fór suður fyrir húsið. Þegar lögreglumenn komu suður fyrir húsið stóð bifreiðin X við suðurvegg hússins. Ákærði A og S sátu inni í bifreiðinni og voru þeir handteknir. Ákærði A var klæddur dökkri úlpu, húfu og var með hvíta hanska. Lögreglumönnum fannst föt hans lykta af olíu. Þegar lögreglumenn fundu reykjarlykt sem þeir töldu koma frá húsinu kölluðu þeir til slökkvilið. Í lögregluskýrslu segir að A hafi þá sagt að slökkvilið þyrfti ekki til þar sem hann hefði aðeins kveikt á kertum og hafi sagt lögreglumönnum að fara strax inn í húsið að slökkva á þeim því annars myndi kvikna í húsinu. Lögreglumenn fóru þá inn í húsið og sáu í u.þ.b. miðju húsi kæliborð. Yfir kæliborðinu og við enda þess voru pappakassastæður. Lögreglumenn fundu sterka olíulykt í húsinu, pappakassar við kæliborðið voru blautir og stór olíubrúsi lá efst í pappakassastæðu. Olía var einnig á gólfi. Í kæliborðinu voru tvö kerti sem eldur logaði á og voru nær útbrunnin. Kertin voru ofan á gulri dulu og voru plastbakkar við kertin.

Í þágu rannsóknar málsins voru ákærðu úrskurðaðir í gæsluvarðhald og sat ákærði B í gæsluvarðhaldi frá 31. janúar 2004 til 4. febrúar sama ár og ákærði A sat í gæsluvarðhaldi frá 1. febrúar 2004 til 8. febrúar sama ár.

Framburður ákærðu og vitna fyrir lögreglu og fyrir dómi.

Ákærði A gaf skýrslu hjá lögreglu 3. febrúar 2004. Ákærði kvaðst hafa ætlað að kaupa fasteignina H af ákærða B um ári fyrir fyrir 4 milljónir króna. Þeir hafi gert skriflegan kaupsamning sem ekki hafi verið þinglýst þar sem ákærði hafi ætlað að fá lán á húsið sem hafi svo ekki gengið eftir. Ákærða B hafi verið kunnugt um að ákærði fékk ekki lánið. Þeir hafi þá ákveðið að selja einhverjum öðrum fasteignina eða gera hana upp. Ákærði kvaðst hafa látið gera drög að íbúð í hluta hússins. Ekki hafi verið gerð endanleg áætlun um fjármögnun fasteignarinnar. Áhvílandi skuldir á fasteigninni væru um tvær milljónir króna. Ákærði kvaðst hafa fengið kaupanda að fasteigninni sem heiti Y og kvaðst hafa fengið leigjanda í fasteignina sem heiti Z og hafi ætlað að vera með veitingasölu í húsinu og hefði ákærða B hefði verið kunnugt um það. Ákærði kvað kaupin hafa gengið til baka með munnlegu samkomulagi og því hefði kaupsamningi ekki verið þinglýst. Ákærði B hefði því þurft að standa skil á gjöldum á húsinu. Ákærði kvað kaupverðið hafa átt að greiðast með mánaðarlegum afborgunum í eitt ár og eftirstöðvarnar með lántökunni sem ekki varð af. Ákærði kvaðst ekki hafa staðið við neina mánaðargreiðslu en kvaðst vera skuldlaus við ákærða B. Ákærði kvaðst hafa útvegað efni til að endurbyggja fasteignina. Ákærði kvað byggingarefnin og verkfærin hafa verið ótryggð. Ákærði sagðist hafa verið í sambandi við ákærða B vegna endurbyggingar fasteignarinnar og til hafi staðið að setja verkið í gang. Þeir hafi fundað vegna þess og rætt saman í síma. Ákærði kvaðst aðspurður hafa hitt ákærða B á Selfossi, líklega rétt fyrir áramótin 2004. Aðspurður hvort hann hafi hitt ákærða B þann 19. janúar 2004 á Selfossi sagðist ákærði sennilega hafa hitt hann við banka á Selfossi, en þeir hafi ekki talast við. Ákærði kvaðst þann dag hafa farið að H til að huga að húsinu og eigum sínum þar inni. Þá hafi verið búið að sparka inn hlera á vesturhlið hússins og stela stórum hluta af byggingarefni ákærða. Ákærði kvað P hafa tekið byggingarefnið og notað þakjárnsplötur á hús sitt. Ákærði kvaðst ekki vita til að aðrir en hann og ákærði B hefðu lykla að H. Aðspurður um ferðir sínar 29. janúar 2004 sagðist ákærði hafa verið á ferðinni í Reykjavík og Hafnarfirði. Hann hefði farið á nokkur tilgreind verkstæði og í iðnaðarhúsnæði við R í Hafnarfirði. Í iðnaðarhúsinu hefði verið mikil olía á gólfum. Ákærði kvaðst ekki hafa verið að gera við bíla eða vinna með olíu. Aðspurður hvers vegna hann hefði farið á Stokkseyri kvöldið 29. janúar 2004 sagðist ákærði hafa dvalið að H nóttina áður. Hann hafi komið þangað milli kl. 23:00 og 24:00 og verið þar til kl. 03:00 og 04:00 um nóttina. Hann hefði haft grun um að kveikt yrði í húsinu, en hann hafi fengið upplýsingar þar um en neitaði að upplýsa frá hverjum eða hvernig hann hefði fengið þær upplýsingar. Ákærði kvað að honum hefði nokkrum mánuðum áður verið boðin greiðsla fyrir að kveikja í H. Ákærði kvaðst hafa látið ákærða B vita af því. Ákærði sagði ekkert markvert hafa gerst þegar hann dvaldi að H nóttina áður. Hann hefði farið í húsið fyrir í vikunni á mánudag eða þriðjudag og þá hafi hann lokað hurðinni á vesturhliðinni. Skriðið hefði verið inn um glugga við hlið hurðarinnar og hún spörkuð upp. Aðspurður af hverju S hefði verið með ákærða á Stokkseyri umrætt kvöld kvaðst ákærði hafa beðið hann að koma með sér í bíltúr þar sem hann þyrfti að ræða við hann. Ákærði kvaðst ekki minnast þess að hafa nefnt tilgang fararinnar á Stokkseyri við hann. Ákærði sagði að þeir hefðu lagt af stað til Stokkseyrar um kl. 23:00. Þeir hefðu keyrt frá Reykjavík um Suðurlandsveg og Þrengslin með viðkomu á Select

bensínstöð. Ákærði sagði að þegar þeir hefðu ekið fram hjá H hefði stóra hurðin á vesturhlið hússins verið opin. Ekki hefði verið sami frágangur á hurðinni og þegar hann hefði skilið við hana nóttina áður. Ákærði sagði að hann hefði verið látinn vita fyrr um kvöldið að búíð hefði verið að sparka upp hurðinni á vesturhlið hússins. Ákærði kvaðst hafa sagt við S að hann myndi skjótast inn áður en hann hefði farið úr bifreiðinni. Aðspurður um orðaskipti sín við S eftir að ákærði kom inn í bifreiðina hefði hann sagt S að það væri eldur þarna og hugsanlega logandi kerti. Hann hafi ætlað að ráðfæra sig við S. Honum hafi fundist að eldur væri að slokkna á tveimur kertum sem hann hefði séð inni og ekki talið að það væri að kvikna í. Hann hafi verið að velta fyrir sér hvort þeir ættu að tilkynna atvikið og innbrot í húsið eða slökkva í kertunum sjálfir þegar þeir voru handteknir. Ákærði kvaðst ekki muna nákvæmlega hvað hann hefði sagt við S þegar hann kom inn í bifreiðina.

Ákærði A gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 5. febrúar 2004. Aðspurður hvort ákærði vissi að ákærði B ætti í miklum fjárhagserfiðleikum vegna H kvaðst ákærði hafa vitað það að vissu leyti en ekki að það hafi verið nein vandamál. Aðspurður að ákærði B segðist ekki hafa heyrt hjá ákærða að honum hafi verið boðið að kveikja í H gegn peningagreiðslu sagðist ákærði ekki muna betur en hann hafi sagt ákærða B frá því.

Ákærði A gaf enn skýrslu hjá lögreglu 8. febrúar 2004. Varðandi símtal sem átti sér stað um kl. 15:30 þann 29. janúar 2004 neitaði ákærði að tjá sig um efni samtalsins og kvað það ekki tengjast máli þessu. Aðspurður um fyrri framburð sinn um að ákærði hefði farið í H í sömu viku og hann var handtekinn kvaðst ákærði hafa farið þangað kvöldið áður og sennilega á mánudag og þriðjudag til að loka húsinu. Þar hafi allt verið í drasli og búíð að stela úr húsinu. Aðspurður um veru sína í H eftir að hann yfirgaf bifreiðina sagði ákærði að þegar hann hefði komið að hurð á vesturhlið hússins hefði verið búíð að sparka hleranum út. Hurðin hafi verið opin og kvaðst ákærði halda að hurðin hefði verið ólæst. Ákærði kvaðst hafa farið inn í húsið og gengið hring í húsinu til að athuga hvort allt væri í lagi. Ákærði sagðist hafa séð að búíð hafi verið að róta í drasli í húsinu. Ákærði kvaðst hafa verið með vasaljós með sér inni í húsinu. Ákærði sagði aðspurður að ekkert sérstakt hefði vakið athygli hans inni í húsinu. Hann hafi þó séð að hleri í hurð á framhlið hússins hefði verið úr lagi genginn eins og reynt hefði verið að sparka henni upp. Ákærði kvaðst hafa gengið um allt húsið þar sem gangvegur væri. Ákærði kvaðst hafa séð tvö logandi kerti í frystikistu. Hann hefði gengið frá kistunni út í bifreið til S. Ákærði sagði kertin hafa verið lítil og ljós á litinn. Ákærði kvaðst ekki hafa tekið eftir hvernig umhorfs hefði verið við kertin. Ákærði sagðist hafa talið að það væri að deyja á kertunum en það hefði verið töluvert eftir af þeim. Ákærði neitaði að hafa haft tvö hvít kerti meðferðis í H sem hefðu verið notuð við íkveikjuna. Aðspurður af hverju hann hefði ekki slökkt á kertunum áður en hann fór úr húsinu sagði ákærði að það hefði ekki verið nein hætta á að eldur yrði laus. Ákærði kvaðst ekki hafa fundið neina afgerandi olíulykt inni í húsinu. Ákærði kvaðst ekki skilja af hverju díselolía hefði fundist á úlpu hans. Ákærði kvaðst ekki hafa meðhöndlað díselolíu inni í H. Hann hefði farið á nokkur verkstæði þennan dag og þar hefði verið unnið með alls konar olíur. Aðspurður um framburð ákærða að hann hefði verið í hreinni úlpu þegar hann var handtekinn kvaðst ákærði hafa verið í hreinni úlpu og hefði farið í hana þennan sama dag. Hann hefði verið í sömu fötum á þessum verkstæðum sama dag og hann var handtekinn. Ákærði ítrekaði að honum hefði ekki gefist færi á að aðhafast neitt vegna kertanna þar sem hann hefði verið handtekinn.

Ákærði B gaf skýrslu hjá lögreglu 30. janúar 2004. Aðspurður um tengsl ákærða við H kvaðst ákærði eiga félagið Fga sem væri skráður eigandi H. Ákærði sagði enga starfsemi vera í húsinu og hefði hann komið síðast þangað fyrir um hálfum mánuði. Þá hefði allt verið í óreiðu. Talsvert mikið af byggingarefni hefði verið í húsinu sem ákærði A hefði flutt inn. Ákærði hefði átt að eignast efnið þegar hann tæki við húsinu að nýju. Ákærði sagði að búið væri að gera fjárnám í húsinu. Ákærði neitaði aðspurður að hafa haft vitneskju um að reynt hefði verið að kveikja í H að kvöldi 29. janúar 2004. Aðspurður um tengsl ákærða við ákærða A sagðist ákærði hafa selt ákærða A H fyrir um ári síðan en kaupin hefðu gengið til baka vegna vanefnda ákærða A sem væri búinn að skila lyklum að húsinu. Ákærði kvaðst ekki hafa lent í fjárhagsvandræðum vegna vanefnda ákærða A, nema vegna vanefnda á greiðslum fasteignagjalda. Ákærði kvaðst ekki vera kunnugt um að ákærði A hefði verið nýlega í H.

Ákærði B gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 31. janúar 2004. Varðandi símtal sem átti sér stað þann 29. janúar 2004 neitaði ákærði að tjá sig um efni samtalsins og sagði það ekki tengjast málinu.

Ákærði B gaf tvisvar skýrslu hjá lögreglu 2. febrúar 2004. Aðspurður um fjárhagsstöðu sína varðandi H sagði ákærði að fasteignagjöld væru í vanskilum þar sem hann hefði selt ákærða A fasteignina. Vanskilin væru tilkomin af því að ákærði hefði viljað þrýsta á ákærða A að greiða gjöldin þar sem ákærði hefði selt honum fasteignina. Ákærði sagði óverulegar skuldir hvíla á H. Ákærði kvaðst halda að fasteignagjöld á H væru komin í nauðungarsölumedeferð og að tryggingar á fasteigninni væru ógreiddar. Ákærði kvaðst hafa selt ákærða A H um einu ári áður fyrir 4 milljónir króna. Ákærði A hefði átt að greiða mánaðarlegar afborganir en hefði ekkert greitt. Ákærði sagði að ákærði A hefði ætlað að breyta fasteigninni og hafa þar íbúð og jafnvel gallerí. Ákærði A hefði ætlað að fá lán og greiða kaupverðið að fullu með láninu. Ákærði kvað kaupsamning hafa verið gerðan en honum hefði ekki verið þinglýst. Ákærði sagði að byggingarefni hefði verið flutt í H og hefði verið ætlunin að nota efnið við endurbyggingu hússins. Ákærði kvað efnið vera í sinni eigu. Ákærði A hefði komið því fyrir og ætlað til endurbóta á húsinu en þegar ákærði A hefði vanefnt kaupin hefði orðið að samkomulagi að ákærði tæki við efninu. Ákærði kvaðst hafa farið inn í H um tveimur vikum fyrr og þá hefði efnið allt verið inni í húsinu. Varðandi símtal sem átti sér stað 31. janúar 2004 neitaði ákærði að tjá sig um efni samtalsins og sagði það ekki tengjast málinu. Varðandi símtal sem átti sér stað um kl. 16:00 þann 19. janúar 2004 sagðist ákærði hafa verið að þrýsta á ákærða A að borga.

Ákærði B gaf enn skýrslu hjá lögreglu 4. febrúar 2004. Aðspurður hvort ákærði og ákærði A hefðu haft áform um að endurbyggja H eftir að kaupin gengu til baka sagði ákærði að til hefði staðið að ákærði A hjálpaði við að endurbyggja húsið. Ákærði A hefði verið búinn að koma fyrir byggingarefni í húsinu. Aðspurður hvort ákærði A hefði verið skuldlaus við ákærða eftir að kaupin á H gengu til baka sagði ákærði að samkomulag hefði verið um að ákærði A myndi vinna við endurbætur á H. Vanskil á fasteignagjöldum hefðu lent á ákærða. Aðspurður um fullyrðingu ákærða A að hann teldi sig skuldlausan við ákærða sagði ákærði það að hluta rétt hjá ákærða A þar sem hann hefði lofað að vinna við H. Hins vegar hefði ákærði A ekki greitt fasteignagjöld áður en kaupin hefðu gengið til baka. Aðspurður hvort drög að teikningu hefðu verið gerð vegna endurbóta á H sagði ákærði að ákærði A

hefði fengið arkitekt til að gera uppkast að teikningu af H. Aðspurður hvort ákærði og ákærði A hefðu haft áform um hvað yrði í H að endurbótum loknum sagði ákærði að ákærði A hefði ætlað að hafa íbúð og gallerí í húsinu. Eftir að kaupin hefðu gengið til baka hefði ákærði ætlað að endurbyggja húsið og selja óinnréttað. Aðspurður hvort ákærði kannaðist við Y og Z kvaðst ákærði ekki kannast við Z en ákærði A hafi ætlað að selja Y húsið, áður en kaupin milli þeirra gengu til baka. Ekki hafi þó orðið af því að selja Y húsið. Ákærði sagði aðspurður að ákærði A hefði afhent ákærða húslykla að H eftir að kaupin gengu til baka. Aðeins væri til einn masterlykill að H og hefði ákærði hann í sínum fótum. Ákærði sagði að ákærði A hefði greint honum frá skemmdarverkum á H. Ákærði kvaðst ekki hafa haft neina vitneskju um að til stæði að kveikja í H. Aðspurður um þann framburð ákærða A að hann hefði greint ákærða frá því að honum hefði verið boðið að kveikt yrði í H gegn peningagreiðslu sagði ákærði að ákærði A hefði ekki greint honum frá þessu. Þá sagði ákærði það alrangt hjá ákærða A að þeir yrðu að vera vel vakandi yfir H 3 vegna íkveikjuhættu. Aðspurður um símtal sem átti sér stað 19. janúar 2004 um kl. 16 kvaðst ákærði ekki vera viss um hvort hann hefði hitt ákærða A þann dag á Selfossi, en kvaðst hafa farið í banka þann dag. Ákærði kvaðst í símtalinu hafa verið að blekkja og þrýsta á ákærða A að greiða vegna skulda við tryggingafélag og vegna eftirstandandi skulda á fasteignajöldum vegna H.

Ákærði A skýrði svo frá fyrir dómi að hann hafi vitað í mörg ár hver ákærði B væri en neitaði að þeir hefðu verið vinir. Aðspurður um kaup ákærða á H af ákærða B sagði ákærði að hann hefði frétt að húsið væri til sölu og hann hefði ákveðið að kaupa það til að gera það upp. Hann hefði ætlað að hafa íbúð og gallerí eða veitingastað í húsinu. Kaupsamningur hefði verið gerður í nóvember 2002 þar sem ákærði keypti H af einkahlutafélagi í eigu ákærða B en kaupin hefðu ekki gengið eftir vegna vanefnda ákærða. Ákærði kvaðst hafa ætlað að fjármagna kaupin með láni. Ákærði sagðist ekki hafa verið byrjaður að gera húsið upp en kvaðst hafa verið búinn að útvega byggingarefni sem til þurfti. Ákærði kvað kaupin hafa gengið til baka seinna og hefði ákærði ætlað að láta ákærða B fá efnið og aðstoða hann við uppbyggingu hússins. Aðspurður um ferð sína til Stokkseyrar 29. janúar 2004 kvaðst ákærði hafa ætlað að ná í byggingarefni sem hefði verið búið að taka úr húsinu og sem hann hefði fengið upplýsingar um að væru í húsi rétt hjá og ná í mann sem hefði tekið verkfæri og fleira úr húsinu. Ákærði kvaðst hafa haft aðgang að flutningabílum til að flytja efnið en sagðist hafa farið til Stokkseyrar í jeppa með S. Aðspurður hvað hefði gerst þegar þeir komu austur svaraði ákærði að hann hefði keyrt inn í þorpið og ætlað að ná tali af manni sem hefði tekið mikið efni og hétí Þ. Þegar þeir komu inn í þorpið hefði maðurinn slökkt öll ljós og þá hefði ákærði farið að H. Aðspurður hvað hann hefði gert sagðist ákærði hafa farið inn í H sem hefði verið nánast opið og gengið hring inni í húsinu og kíkt í eitt hornið. Einhverjir hefðu verið búnir að vera meira og minna í húsinu, drukkið og reykt og komið sér fyrir og þar hefði verið fullt af fatnaði. Það hefði verið sama hvenær ákærði hefði komið inn í húsið, það hefði alltaf verið búið að brjótast þar inn og jafnvel halda þar partí. Hann hefði gengið hring í húsinu og séð í frystikistunni kerti, sem hann hefði séð áður. Það hefði verið greinilegt að einhver hefði verið búinn að gista þar og búið sér til bæli í frystikistunni. Þar hefðu verið tvö logandi kerti. Hann hefði síðan gengið út í bíl til S og þá verið handtekinn. Aðspurður af hverju hann hefði ekki slökkt á kertunum sagði ákærði að hann hefði ekki talið hættu á að kviknaði í en hann hefði talið að kertin væru að slokkna. Hann hefði farið út í bíl til S og ætlað að ráðfæra sig við hann hvort þeir ættu að kalla til lögreglu því hann hefði verið búinn að fá nóg af umgengninni í húsinu. Aðspurður hvernig hann hefði verið

klæddur sagðist ákærði hafa verið í úlpu, skóm, buxum og með hvíta þrjónavettlinga. Aðspurður um að lögreglu hefði í janúar 2004 borist upplýsingar um að til staði að kveikja í H og að nafn ákærða hefði verið nefnt í því sambandi kvaðst ákærði ekkert geta um það sagt. Aðspurður hvort ákærði hefði heyrt að það ætti að kveikja í H sagðist ákærði hafa séð að það hafi verið farið mjög gáleysislega með eld þar. Aðspurður um íkveikju í þeim tilgangi að fá bætur eða vegna annarra fjárhagslegra hagsmuna kvaðst ákærði ekki hafa vitað betur en H hefði verið ótryggð. Aðspurður kvað ákærði að sér hefði verið boðin greiðsla fyrir að kveikja í H en þorði ekki að upplýsa hver hefði boðið honum það. Aðspurður um símtal frá 29. janúar 2004 kvaðst ákærði hafa verið að tala við ákærða B. Hann hefði verið á leið austur að taka í mann sem Þ sem hefði stolið 300.000 króna viftu sem ákærði hefði ætlað að sækja. Ákærði sagði að þeir hefðu ekki verið að ræða veðrið. Aðspurður um ummæli í símtalinu að ákærða yrði launað þetta rosalega vel kvaðst ákærði ekki geta sagt til um það. Aðspurður sagðist ákærði ekki hafa vitað að veðsett eign yrði að vera tryggð.

Aðspurður kvaðst ákærði hafa tekið díselolíu á bifreið á leiðinni til Stokkseyrar 29. janúar 2004. Ákærði neitaði að hafa meðhöndlað olíubúsa eða olíu meðan hann dvaldi inni í H. Ákærði sagði það rangt sem stóð í frumskýrslu lögreglu að hann hefði sagst hafa kveikt á kerti inni í H en kvaðst hafa sagt við lögregluna að það hefðu verið logandi kerti inni í húsinu. Aðspurður hvort hann hefði orðið var við olíu á gólfinu inni í H sagðist ákærði ekki hafa orðið var við neitt sérstakt, nema kertin sem loguðu og sagði að einhver virtist hafa verið í húsinu nýlega. Aðspurður sagði ákærði veður hafa skipt nánast engu máli fyrir ferðir hans. Aðspurður um ummæli í símtali frá 29. janúar 2004 að ákærða yrði launað þetta rosalega vel sagði ákærði að til hefði staðið að greiða ákærða fyrir byggingarefnið. Aðspurður um ástand kæligólfsins sagði ákærði að það hefði greinilega verið búið að búa um sig í því nokkrum sinnum. Einu sinni hefði ákærði komið að útbrunnu járnkerti þar. Ekki hefði verið rafmagn á húsinu og mikið um kerti þar inni og búið að búa til önnur bæli í einu horni hússins. Aðspurður um ferðir hans 29. janúar 2004 kvaðst ákærði hafa farið á þjú bílaverkstæði en ákærði sagðist vera áhugamaður um bílaviðgerðir. Ákærði sagði að olía sem hefði fundist í úlpu hans hefði komið á verkstæðinu V, þar sem ákærði kvaðst hafa tæmt stóran „pickup“ af vatni og olíu. Ákærði kvaðst hafa verið í úlpunni alla vikuna. Ákærði kvaðst koma á bílaverkstæði nánast daglega.

Aðspurður kvaðst ákærði staðfesta að ákærði B hefði ekki verið sá sem hefði boðið ákærða að kveikja í H gegn greiðslu.

Ákærði B skýrði svo frá fyrir dómi að hann hefði selt ákærða A H en kvaðst ekki hafa þekkt hann áður. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa haft rekstur í H eða búið þar heldur hefði hann keypt húsið og ætlað að gera það upp. Húsið hefði því staðið autt. Aðspurður um aðdragandann að kaupum ákærða A á H sagði ákærði að ákærði A hefði falast eftir húsinu. Hann hefði keypt það en ekki staðið í skilum. Ákærði kvaðst þá hafa þrýst á hann að greiða. Þegar í ljós kom að ákærði A myndi ekki geta staðið í skilum hefði verið gert munnlegt samkomulag um að hann skilaði húsinu ásamt byggingarefni sem hann hefði útvegað. Aðspurður hvort ákærði A hefði áfram haft aðgang að H sagði ákærði að allir hefðu haft aðgang að húsinu, það hafi alltaf verið brotið upp aftur. Aðspurður um fjárhagsstöðuna varðandi H þann 29. janúar 2004 kvað ákærði að hann hefði viljandi ekki staðið í skilum með tvær greiðslur til að þrýsta á ákærða A að borga en að öðru leyti hefði húsið verið í

skilum. Aðspurður hvort H hefði verið tryggð hjá Vátryggingafélagi Íslands kvaðst ákærði hafa talið húsið ótryggt fyrir að hafa ekki borgað tryggingarnar en hann hefði ítrekað við ákærða A að ganga frá tryggingum á húsinu. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa tilkynnt tryggingafélaginu nýjan eiganda. Aðspurður um símtal frá 19. janúar 2004 sagði ákærði að þar hefðu hann og ákærði A verið að tala saman. Ákærði kvaðst hafa verið að þrýsta á ákærða A að borga. Með tali um að bankinn eigi veð í kofanum kvaðst ákærði eiga við að skuldabréf sem ákærði A hefði átt að borga af hefði verið í banka. Aðspurður um símtal frá 29. janúar 2004 kvaðst ákærði hafa beitt ákærða A mjög miklum þrýstingi að borga og skila húsinu og því sem ákærði hefði átt að fá með því. Aðspurður um símtal frá kvöldi 29. janúar 2004 staðfesti ákærði að þar hefðu hann og ákærði A talað saman. Aðspurður um efni samtalsins kvaðst ákærði hafa grunað að ákærði A ætlaði að ganga í skrokk á Þ. Ákærði A hefði talað um það deginum áður og þegar hann hefði talað um logn hefði ákærði skilið það svo að því hefði verið frestað. Ákærði sagðist halda að ákærði A og Þ væru vinir eða kunningjar og ákærði kvaðst hafa haldið að ákærði A hefði getað náð dótinu af Þ með því að beita þrýstingi. Aðspurður kvaðst ákærði hafa treyst ákærða A betur til að ná dótinu heldur en lögreglunni.

Aðspurður um aðgengi að H sagði ákærði að það hefði verið mjög auðvelt að komast inn í húsið. Ákærði hefði neglt plötur fyrir alla glugga og skrúfað aftur hurðir og sett slagbrand fyrir bílskúrshurð. En jafnóðum og húsinu hafi verið lokað hafi verið brotist inn. Aðspurður hvar hefði verið farið inn í húsið sagði ákærði að í eitt skipti hefði verið rifin plata frá glugga við hliðina á hurðinni, í annað skipti hefði hurðinni verið sparkað upp og í þriðja skiptið hefði bílskúrshurðin verið spennt upp og að það hefði verið farið inn í húsið á marga vegu. Ákærði kvaðst halda að það hefðu ekki verið börn sem brutust inn, en á hinn bóginn virtust börn vera mikið inni í húsinu. Ákærði kvaðst hafa séð að í H 3 bjó einhver af og til, þar hefðu verið bæli, sígarettustubbar, peysur, rusl og fatnaður. Ákærði sagði aðspurður það fáránlegt að að hann hefði einhvern tíma óskað eftir því við ákærða A eða að það hefði komið til tals að það yrði kveikt í H. Ákærði neitaði aðspurður að hafa sagt við D að réttast væri að kveikja í H. Aðspurður um samband hans við D kvaðst ákærði hafa búið með henni í þrjú til fjögur ár en þau hefðu slitið sambandinu. Ákærði kvað hana hafa tekið því mjög illa og hefði hún ofsótt ákærða eftir það.

J kom fyrir dóminn. Vitnið kvaðst hafa þekkt ákærða A í nokkur ár og kvaðst hafa komið þó nokkuð oft með honum í H á árinu 2003, síðast í desember frekar en nóvember. Aðspurður hvernig hefði verið umhorfs í húsinu sagði vitnið að einu sinni hefði verið búið að búa til bæli í frystikistu. Vitnið kvaðst oft hafa séð kerti þar og einhvern tíma hefði logað á þeim. Vitnið kvaðst hafa séð meðal annars byggingarefni í húsinu. Vitnið sagðist aðspurt hafa orðið vart við að það hefði verið brotist inn í H, en oft hafi verið búið að pikka upp litla lúgu á hurðinni. Aðspurður kvaðst vitnið kannast við Þ á Stokkseyri og sagði að ósamkomulag hefði verið þar á milli vegna ófrágenginna viðskipta. Vitnið sagðist vita til þess að Þ hefði stolið byggingarefni. Vitnið kvaðst ekki hafa hitt Þ í H en sagði að þeir hefðu farið heim til hans.

D húsmóðir, kom fyrir dóminn. Vitnið kvaðst vera fyrrum sambýliskona ákærða B. Aðspurður hvort vitnið tengdist fasteigninni H á Stokkseyri sagðist vitnið minna að F hefðu keypt húsið og vitnið hefði lánað nafn sitt í félagið, en félagið hefði verið á hennar nafni. Vitnið sagði að lán hefðu verið tekin í tengslum við kaupin en erfiðlega hefði gengið að standa í skilum. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað til að

kveikja ætti í H. Aðspurð um ummæli vitnisins í lögregluskýrslu frá 23. ágúst 2004 að ákærði B hefði sagt við vitnið að hann ætlaði að kveikja í húsinu kvaðst vitnið ekki vilja fullyrða það. Aðspurð hvort vitnið staðfesti undirritun sína á skýrslunni sagði vitnið rifjast upp að þetta myndi vera rétt. Aðspurð hvort hún vissi hvernig tryggingamálum á H hefði verið hátað neitaði vitnið því og kvaðst hafa haft mjög lítil afskipti af húsinu. Vitnið hefði þó vitað að brunabótagejald hefði verið mjög hátt og hefði einhverntíman fært það í tal.

Aðspurð um lögregluskýrsluna staðfesti vitnið að hún kannaðist ekki við að rætt hefði verið um að kveikja í H, en sagði að maður vissi aldrei hvað væri sagt í hita leiksins.

Guðmundur Gunnarsson, kt. 000000-0000, yfirverkfræðingur á Brunamálastofnun, kom fyrir dóminn. Vitnið staðfesti að hann hefði verið dómkvaddur til að meta almannahættu við ætlaða íkveikju í H á Stokkseyri. Aðspurður um helstu niðurstöður sagðist vitnið hafa skoðað staðinn, en búið væri að rífa húsið, svo að matsgerðin byggði á ljósmyndum og uppdráttum sem hann hefði fengið. Af myndum að dæma og hvernig þetta hefði verið uppsett væri ljóst að hefðu kertin brunnið niður hefðu þau kveikt í þeim efnum sem næst voru, þ.e. pappakössum og plastkössum og eldur síðan breiðst út. Þar sem búið var að rífa húsið hefði ekki verið hægt að sjá nákvæmlega hvernig húsið var klætt að innan en af ljósmyndum að dæma hefði verið um hefðbundinn frágang að ræða, þ.e. spónaplötur á grind. Það sem var í húsinu hefði nægt til að kveikja í þeim einnig og þar með hefði húsið orðið alelda. Reikna mætti með því að slökkvilið yrði um 15 mínútur að komast á staðinn og á þeim tíma hefði húsið orðið alelda. Vitnið kvaðst telja að kertin hefðu náð að brenna niður á tíu til fimmtán mínútum. Mjög erfitt væri að áætla hraða brunans vegna þess að ný kerti brynnu töluvert hraðar en eldri kerti en áætlunin væri gerð út frá stærð kertanna. Kerti sem stæðu þétt saman hituðu hvort annað og það gæti stytst tímenn. Aðspurður um nálæg hús kvaðst vitnið hafa mælt fjarlægðir að frystihúsinu og timburklædda eða járnklædda húsinu sem var þar við hliðina. Járnklædda húsið hefði verið langt fyrir utan áhrifasvæðið en gluggi á gaffli hefði getað gefið smá hitageislun og reyk. Á frystihúsinu væri eldvarnarveggur með nokkrum hurðum og götum og það hefði ekki verið vandamál að koma í veg fyrir að eldur næði þangað. Loftræstigöt hefðu verið á húsinu og ef það hefði verið innsog inn í húsið hefði það getað dregið reyk inn í húsið en ekki eld. Vitnið kvaðst þó ekki vita hvers kyns loftræstikerfið væri og hefði því sleppt því í matinu.

Aðspurður kvaðst vitnið hafa stuðst við ljósmyndir og teikningar sem hann hefði fengið af húsinu og við mælingar sem hann hefði gert á staðnum. Vitnið kvaðst ekki hafa haft tók á að skoða sjálfa fasteignina H þar sem hún hefði verið rifin og kvaðst ekki hafa skoðað muni úr húsinu, t.d. kertin eða peysuna. Aðspurður sagði vitnið að flíspeysa brynni mjög auðveldlega og ekki síður en bómullarpeysa. Aðspurður um plastbakka sagði vitnið að þeir hefðu verið úr polyestyren, þar af sumir úr frauðplasti, og þeir hefðu allir verið afar auðbrennanlegir, einkum þeir úr frauðplasti. Aðspurður hvort það kviknaði síður í harðplasti sagði vitnið að það þyrfti sáralítið til að kveikja í svona þunnum bökkum. Vitnið kvaðst ekki vita hversu gömul kertin voru sem fundust í H. Brunatími kerta færi eftir mjög mörgum aðstæðum, aldri kertanna, þvermáli, hvort það er trekkur, hvað þau standa þétt saman og fleira. Til að fá nákvæmara mat á brunatíma þyrfti að stilla þessu upp á nákvæmlega sama hátt og þetta var gert og prófa síðan 15 til 20 sinnum til að fá meðaltölu.

Vitnið sagði að þar sem slík rannsókn á brunatíma hefði ekki verið gerð væri lengd tímans sem það tæki kertin að brenna niður að miklu leyti ágiskun, hans besta ágiskun. Vitnið sagði að hefði húsið verið uppistandandi og allar aðstæður óhreyfðar hefðu þeir skoðað nákvæmlega klæðningarnar og það sem í húsinu var. Það efni sem sæist á ljósmyndum væri fyrst og fremst í kringum kistuna en sagt hefði verið í lögregluskýrslu að það hefði verið mikið af byggingarefni inni í húsinu en það sæist ekki á ljósmyndunum og því hefði ekki verið tekið tillit til þess í matsgerðinni. Vitnið sagði að hann hefði sleppt út þeim óvissuþáttum sem teknir væru fram í matsgerðinni en gæfi sér engar forsendur. Hann hefði bara byggt á því sem hann hefði séð á ljósmyndunum og annað ekki.

Elín Valgerður Magnúsdóttir, kt. 000000-0000, sérfræðingur á Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði hjá Háskóla Íslands, kom fyrir dóminn. Vitnið staðfesti matsgerð dagsetta 5. febrúar 2004. Aðspurð um rannsóknina sagði vitnið að sýni hefðu verið skoðuð með tilliti til þess hvort þau myndu eldhvetjandi vökva. Um hefði verið að ræða einn brúsa sem innihélt vökva sem var greindur sem díselolía og mikið magn díselolíu hefði fundist í sýnum merkt SH13 og SH14, bylgjupappi og bréfpurrkur. Í fötunum sem merkt væru 331, númer 1 til 4, hefðu ekki fundist efni nema í úlpunni en þar hefði fundist nokkurt magn af díselolíu. Í gulri peysu hefðu fundist frekar óvenjuleg hlutföll af efnum en í henni hefðu fundist efni sem eru til staðar í díselolíu, aðallega léttustu efnin. Þau hefðu dregið þá ályktun að allavega megnið af þeirri mengun sem í henni hefði fundist mætti rekja til þess að hún hefði verið í loftrúmi sem hefði verið mettað af díselolíugufum. Vitnið sagði að díselolía brynni frekar auðveldlega.

K, rekur bílasölu og bílapartasölu, kom fyrir dóminn. Aðspurður hvort ákærði A hefði komið í fyrirtæki vitnisins daginn sem ákærði A var handtekinn kvaðst vitnið ekki muna alveg upp á dag hvenær hann hefði komið, en hann hefði komið í húsnæðið að L þar sem vitnið hefði verið með Ford „pickup“ sem vitnið hefði verið að þrifa og hefði ákærði skoðað bifreiðina. Vitnið sagði að á verkstæðinu væri sjálfskiptiþjónusta og vélaviðgerðir og bifreiðin hefði verið drullug. Olía hefði getað verið þarna utan á. Ákærði hefði farið um allt verkstæðið og hefði getað fengið olíu á sig hvar sem væri. Aðspurður hvort þetta hefði verið 29. janúar 2004 sagði vitnið að það gæti verið, ákærði A hefði oft komið við hjá vitninu. Vitnið kvaðst hafa verið með þessa bifreið lok í janúar.

S, kom fyrir dóminn. Aðspurður kvaðst vitnið hafa ekið ákærða A til Stokkseyrar 29. janúar 2004. Vitnið kvaðst hafa gert það í greiðaskyni og án þess að vita um tilgang fararinnar. Vitnið kvaðst ekki muna nákvæmlega hvað hefði gerst þegar þeir komu til Stokkseyrar, en hélt að þeir hefðu keyrt í gegnum bæinn og stoppað við hús. Ákærði A hefði farið inn í húsið. Ákærði A hefði ekki verið lengi inni í húsinu en vitnið kvaðst þó ekki vita nákvæmlega hversu lengi. Vitnið kvaðst hafa beðið við bifreiðina á meðan. Þegar ákærði A hefði komið aftur hefði lögreglan komið. Vitnið mundi ekki eftir neinum samræðum við ákærða A eftir að hann kom út úr húsinu.

Jón Hlöðver Hrafnsson, kt. 000000-0000, rannsóknarlögreglumaður, kom fyrir dóminn. Aðspurður um aðkomu sína að málinu sagði vitnið að maður hefði greint vitninu frá því að til stæði að kveikja í H. Eigandi hússins væri ákærði B eða F og ákærði A væri sá sem ætlaði að kveikja í húsinu. Beðið væri eftir réttum

veðurfarsaðstæðum til að forðast tjón á öðrum húsum. Vitnið kvaðst hafa kannað málið og í framhaldi af því fengið úrskurð héraðsdóms um að hlusta á síma ákærða A. Vitnið sagði að þeir hefðu farið á vettvang eftir að þessar upplýsingar bárust. Vitað hefði verið að unglingar gerðu sig heimakomna í húsinu og að húsið stæði opið fyrir þeim sem vildu fara inn og þegar vitnið og Elís Kjartansson hefðu komið á staðinn hefðu unglingar verið að fara út úr húsinu. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt um að fólk svæfi í húsinu eða að útingangsfólk væri á Stokkseyri. Sennilega hefði húsið verið staður unglinga til að hittast á veturna. Aðspurður hvað hefði borið fyrir augu á vettvangi kvöldið 29. janúar 2004 sagði vitnið að lögreglan hefði komið til Stokkseyrar um hálfellefuleytið og komið sér fyrir í húsi þar sem þeir hefðu séð vel í innganginn inn í H. Um ein klukkustund hefði liðið þar til bifreið hefði verið lagt við húsið. Síðan hefði maður komið fyrir hornið og farið inn. Nokkrum mínútum síðar hefði maðurinn komið út og þá hefðu lögreglumennirnir farið fyrir hornið þar sem bifreið hefði verið lagt á milli gáms og H. Þar hefðu ákærði A og S setið inni í bifreiðinni og hefðu þeir þá verið handteknir. Um hálf mínúta hefði liðið frá því maðurinn kom út úr húsinu og þar til hann hefði verið handtekinn. Aðspurður hvort einhver orðaskipti hefðu orðið við mennina á vettvangi sagði vitnið að þegar lögreglumennirnir hefðu rætt um að kalla þyrfti á slökkvilið þá hefði ákærði A greint frá því að þess þyrfti ekki, það væri aðeins kveikt á kertum. Vitnið kvaðst hafa skilið ákærða A þannig að ákærði hefði kveikt á kertunum. Vitnið sagði að sterk olíulykt hefði verið af ákærða A. Vitnið sagði að þeir hefðu síðan farið inn í húsið. Í kæli sem var inni á gólfi hefðu þeir fundið tvö lítil logandi kerti sem voru ofan á gulri flíspeysu. Nægur eldmatur hefði verið þar í kring, bæði plastbakkar og pappakassar. Aðspurður hvort þar hefði verið bæli kvað ákærði svo ekki vera, þetta hefði verið fullt af byggingarefni og dóti. Vitnið sagði að öðruvísi hefði verið umhorfs við kælinn kvöldið 29. janúar 2004 en þegar vettvangur var fyrst skoðaður í janúarbyrjun, búið hefði verið að stafla upp kössum í kringum kælinn þegar þeir komu um kvöldið. Þá hefði olíubrúsi verið ofan á pappakassastæðu kvöldið 29. janúar 2004 en hefði áður verið innan um draslið í húsinu.

Aðspurður sagði vitnið að ekki hefðu verið hleraðir símar hjá öðrum en ákærða A. Vitnið sagði að olíulykt hefði gosið upp af ákærða A inni í Land-Rover bifreið S. Vitnið sagði að engin olía hefði fundist í bifreiðinni þegar leitað var í henni á lögreglustöðinni. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt hversu mikil olía hefði verið í olíubrúsanum inni í H þann 6. janúar 2004. Aðspurður hvort þeir hefðu athugað það eftir handtöku ákærða A sagði vitnið að ekki hefði verið hreyft við vettvangi, en fengin hefði verið aðstoð tæknideildar lögreglunnar í Reykjavík til að skoða vettvanginn betur. Vitnið sagði að hann og Elís Kjartansson hefðu verið saman í pósthúsinu og lögreglumenn hefðu verið úti í bifreið. Þeir hefðu farið beint inn í pósthúsið en ekki farið inn í H.

Aðspurður um aðstæður á vettvangi 29. janúar 2004 sagði vitnið að það hefði verið norðanátt, frost og myrkur inni í húsinu og þar í nágrenninu. Húsið sjálft hefði verið alveg óupplýst. Hægt hefði verið að fara inn í húsið á gafla að vestanverðu og hefði það verið eini inngangurinn. Aðspurður hvort þeir hefðu kannað aðgengi að húsinu sagði vitnið að þeir hefðu haft nokkuð góða yfirsýn frá pósthúsinu. Aðspurður um að vart hefði orðið við aðrar mannaferðir í húsinu sagði vitnið að þeir hefðu farið um hurðina á gaflinum. Vitnið kvað að auðveldlega hefði verið hægt að fara inn í húsið án lykils. Vitnið kvaðst muna greinilega að ákærði hefði sagt að ekki þyrfti að kalla á slökkviliðið, það væri kveikt á tveimur kertum inni, hann hefði einungis kveikt í tveimur kertum.

Elís Kjartansson, kt. 000000-0000, rannsóknarlögreglumaður, kom fyrir dóminn. Aðspurður um aðkomu sína að málinu sagði vitnið að Jón Hlöðver hefði rætt við vitnið um að hann hefði upplýsingar um að til stæði að kveikja í H á Stokkseyri. Þeir hefðu farið þangað saman að kanna aðstæður. Komið hefði í ljós að húsið hefði verið eign félags í eigu ákærða B og að ákærði A ætti að framkvæma verkið. Í framhaldi af því hefði verið hlustað á síma ákærða A. Af einu símtali hefði verið dregin sú ályktun að til stæði að kveikja í húsinu ákveðið kvöld. Þeir hefðu þá farið í yfirgefið hús á móti og beðið þar inni þar til Land-Rover jeppi hefði ekið á bak við húsið, maður hefði sést fara inn í húsið og aftur út um fimm mínútum síðar. Þá hefðu þeir handtekið ákærða A og S þar sem þeir sátu í jeppa fyrir utan húsið. Ákærði A hefði þá verið nýsestur aftur inn í bifreiðina, í farþegasæti. Þeir hefðu opnað dyrnar beggja megin og ákærði A hefði sagt strax að það væri kveikt á kertum og á þeim yrði að slökkva, annars myndi kvikna í húsinu. Olíulykt hefði verið af ákærða A. Í framhaldi af þessu hefði vitnið farið inn í húsið og í ónotuðum kæli hefði logað á tveimur kertastubbum í einhverskonar flíspeysu eða teppi og það hefði verið sterk olíulykt þar inni. Aðspurður hvort vitnið hefði skilið ákærða þannig að ákærði hefði kveikt á kertunum eða séð þau kvaðst vitnið ekki þora að fara með það. Vitnið kvað að kælirinn hefði ekki virkað á hann sem einhverskonar bæli þar sem einhver myndi sofa. Aðspurður hvornig þetta hefði komið vitninu fyrir sjónir sagði vitnið að þarna hefði verið mikið af pappakössum og plastdollum og þær hefðu verið þarna allt í kring og eins og kertin hefðu verið umbúin taldi vitnið augljóst að um leið og þau brynnu niður myndi kvikna í flíspeysunni eða teppinu.

Vitnið sagði að þeir hefðu ekki kannað vettvanginn sérstaklega áður en þeir fóru inn í gamla pósthúsið kvöldið 29. janúar 2004. Aðspurður um aðgengi að húsinu sagði vitnið að þegar hann hefði farið þangað með Jóni um þremur til fjórum vikum áður, í byrjun janúar, þá hefði húsið verið nánast opið og þeir hefðu séð á eftir krökkum að hlaupa fyrir hornið eins og þau hefðu verið að koma innan úr húsinu. Vitnið sagði að þeir hefðu ekki haft upplýsingar um að aðrir en eigandi hefðu farið inn í húsið. Aðspurður um aðstæður þegar þeir hófu að vakta húsið sagði vitnið að það hefði verið myrkur en götulýsing hefði verið til staðar. Skyggni hefði verið ágætt og þeir hefðu verið í sjónlínu beint frá pósthúsinu að dyrunum á gaflinum sem hefði verið farið inn um. Vitnið sagði að húsið hefði ekki verið sérstaklega upplýst en götulýsing hefði verið á götunni. Aðspurður hvort einhverjir gluggar hefðu verið annars staðar sem hægt hefði verið að fara inn um sagði vitnið að þetta hefði verið eina leiðin inn í húsið. Ekki hefði verið gengið um aðaldyr hússins sem sneru að götunni, en drasl hefði verið fyrir þeim.

Aðspurður að vitnið hefði skráð í skýrslu að föt ákærða lyktuðu sterklega af olíu og ekki síst hanskarir og að engin olía hefði fundist nema á úlpu ákærða sagði vitnið að hann hefði fundið lykt af ákærða A en kvaðst ekki muna af hverju hann hefði sagt það um hanskana. Vitnið sagði að lyktin hefði verið sterkari en er af viðgerðarmönnum á verkstæðum. Vitnið kvaðst muna eftir olíubrúsa inni í H þegar hann og Jón Hlöðver komu þangað þann 6. janúar 2004. Aðspurður hvort þeir hefðu kannað hvort olía hefði verið í honum sagði vitnið að þeir hefðu skrúfað lokið af og lyktað af honum. Vitnið kvaðst hafa fundið olíulykt, en mundi ekki hvort það hefði gutlað í honum.

Niðurstaða.

Eins og rakið hefur verið hér að framan voru hleruð símtöl milli ákærðu á því tímabili sem hér um ræðir. Kemur fram í samtali þeirra 19. janúar 2004 að ákærði B sé í „rosalega djúpum skít“ sökum þess að bankinn eigi veð í kofanum eins og hann kemst að orði. Þá sé ákærði í vanskilum og sé bankinn ekki tilbúinn að gera neitt fyrir sig meðan svo sé. Ákærði A segist skilja þetta en segir: „B við ættum ekki að tala svona í símann sko“. Þá segist ákærði B bara vera að segja frá fjárhagslegum vandræðum sínum og komi engum öðrum þau við. Þá spyr ákærði B hvort „hann“ sé búinn að stela miklu byggingarefni og ákærði A svarar því til að „hann“ sé búinn að stela nánast öllu sem sé einhvers virði þarna inni. Sagðist ákærði A ekki hafa sleppt sér við hann en sagt að þeir vildu frá ísskápana aftur. Ákærði B segir sér vera sama um þá en timbrið sé feiknalega mikils virði. Þá liggur fyrir að ákærðu áttu samtali í síma 29. janúar 2004 um kl. 15:33 og segist ákærði A þá reikna með „að þetta skeði í kvöld“. Ákærði B segist vera að fara yfir heiðina, það sé: „helvítis strekkingur á mér“ og síðan: „alveg rétti strekkingurinn sko“. Ákærði A svarar því til að hafi verið alveg logn í gær og ákærði B samsinnir því. Þá segist ákærði B alveg vera að deyja út af þessu og segir síðan: „ég launa þér þetta rosalega vel“. Ákærði A svarar að þetta sé ekkert mál og ákærði B segir: „þú átt bara þú átt mig allan á eftir“. Ákærði A samsinnir því og ákærði B segist vera að flýta sér í bæinn og verði hann þar í nótt.

Ákærðu hafa kannast við að hafa átt þessi samtöl í síma en segja þau alls ekki hafa tengst áformum um að leggja eld að umræddu húsnæði. Hafi samtali þeirra snúist um vanskil ákærða A við ákærða B vegna kaupa hins fyrrnefnda á húsnæðinu. Þá hafi samtalið snúist um ætlaðan þjófnað Þ á byggingarefni úr húsnæðinu og hafi erindi ákærða A austur umrætt kvöld verið að sækja viftu sem hann grunaði Þ um að hafa stolið. Kvað ákærði B sig hafa grunað að meðákærði ætlaði að ganga í skrokk á Þ. Ákærði A kvað sér hafa verið boðin greiðsla fyrir að kveikja í að H en hann þorði ekki að upplýsa hver þar hefði verið að verki. Hann kvað þar hins vegar ekki um meðákærða að ræða.

Ákærði A hefur borið að hann hafi umrætt sinn farið inn í húsið og séð tvö logandi kerti í bæli sem útbúið hefði verið í frystikistu. Hefði hann séð ummerki þess að einhverjir hefðu verið þar áður, drukkið og reykt. Hann hefði ekki slökkt á kertunum þar sem hann hafi ekki talið hættu á íkviknun enda væri að slokkna á þeim. Hann hafi farið út í bíl og ætlað að ráðfæra sig við S um það hvort þeir ættu að kalla lögreglu á vettvang, en í þann mund hefðu þeir verið handteknir.

Vitnið Jón Hlöðver Hrafnsson rannsóknarlögreglumáður, kvaðst muna greinilega að ákærði hefði sagt að ekki þyrfti að kalla á slökkviliðið, það væri kveikt á tveimur kertum inni, hann hefði einungis kveikt í tveimur kertum. Vitnið Elís Kjartansson, rannsóknarlögreglumáður, kvað ákærða A strax hafa sagt að það væri kveikt á kertum og á þeim yrði að slökkva, annars myndi kvikna í húsinu. Vitnið gat ekki staðfest að það hefði skilið ákærða A þannig að hann hefði sjálfur kveikt á kertunum.

Fram kom í vitnisburði rannsóknarlögreglumannanna að eftirlit hefði hafist með húsnæðinu í byrjun janúar 2004 eftir að þeim hafi borist upplýsingar um að til stæði að kveikja í því. Hafi þeir þá kannað húsnæðið og hafi komið í ljós að unglingar hefðu gert sig þar heimakomna. Hins vegar kom fram í vætti þeirra að þeir hefðu ekki kannað húsnæðið áður en þeir hófu vöktun með því að kveldi 29. janúar sama ár og nýtur því ekki við lýsingar á því hvernig aðstæður voru er ákærði A fór þar inn.

Framburður ákærðu í máli þessu er með nokkrum ólíkindablæ og er sérstaklega ótrúverðug sú frásögn ákærða A að hann hafi ekki talið þörf á að slökkva á kertunum er hann kom að þeim í húsnæðinu þar sem þau stóðu langt brunnin niður innan um eldfimt efni, heldur hafi hann talið sig þurfa að ráðfæra sig við S um það hvort kalla skyldi lögreglu til. Þá benda ofangreind samtöl ákærðu óneitanlega til þess að verið sé að ráðgera íkveikju, en ekki er þó unnt að hafna skýringum þeirra á efni samtalanna sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Þá liggur fyrir að lögregla kannaði ekki aðstæður í húsnæðinu áður en vöktun með því hófst umrætt kvöld og jafnframt er ljóst að unglingar höfðu gert sig þar heimakomna. Eins og aðstæður voru þarna er því ekki loku fyrir það skotið að aðrir en ákærðu eigi hlut að máli og gegn eindreginni neitun þeirra er því að mati dómsins ekki fram komin lögfull sönnun fyrir sekt ákærðu í máli þessu. Verða þeir því sýknaðir af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að fella allan sakarkostnað á ríkissjóð, þar með talinn útlagður kostnaður, 206.177 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða A, Jóns Einars Jakobssonar, hdl., 1.500.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða B, Guðjóns Ægis Sigurjónssonar, hrl., 780.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Hjörtur O. Aðalsteinsson, dómstjóri, kveður upp dóm þennan. Uppkvaðning dómsins hefur dregist fram yfir lögbundinn frest vegna mikilla embættisanna dómarsins.

D ó m s o r ð :

Ákærðu, A og B, skulu vera sýknir af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talinn útlagður kostnaður, 206.177 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða A, Jóns Einars Jakobssonar, hdl., 1.500.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða B, Guðjóns Ægis Sigurjónssonar, hrl., 780.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.